



Æskulýðsstarf Sörla 2009-2010

Efnisyfirlit

Æskulýðsnefnd og foreldraráð Sörla 2009-2010	
Dagskrá vetrarins	bls.3
Kynningarfundur, reiðnámskeið, jólaball, flugeldasala.....	bls.4
Skautuferð, bingó, smali, Æskan og hesturinn	bls.5
Keppnisnámskeið, æskulýðsmót, vorferð, uppskeruhátíð.....	bls.6
Uppskeruhátíð frmh. að endingu.....	bls.7

Þeir sem störfuðu í Æskulýðsnefnd Sörla 2009-2010.

Æskulýðsnefnd Sörla 2009-2010

Thelma Víglundsdóttir formaður
Guðrún Guðmundsdóttir varaformaður
Valka Jónsdóttir gjaldkeri
Sigríður Th. Eiríksdóttir ritari
Baldur Pétursson meðstj.
Brynja Kristinsdóttir meðstj.
Saga Sif Gísladóttir meðstj.
Thelma Dögg Harðard. meðstj.



Foreldraráð Sörla 2009-2010

Gísli Ölver Sigurðsson formaður
Atli Örvar
Guðrún Pálína Haraldsdóttir
Ingibjörg Marteinsdóttir
Vilborg Halldórsdóttir

Dagskrá vetrarins kynnt á kynningarfundum 26.10.2009

Dagskrá vetrarins:

NÓVEMBER	Dags	Staður
Kynningafundur	26	Sörlastaðir
DESEMBER	Dags	Staður
Jólaball	27	Sörlastaðir
Flugeldasala hefst	27	
JANÚAR	Dags	Staður
Skautafeið	16	Egilshöll
FEBRÚAR	Dags	Staður
Bingókvöld	11	Sörlastaðir
Smali - mót	28	Sörlastaðir
MARS	Dags	Staður
Æskan & Hestur	13-14	Reiðh. Víðidal
Pizza	17	Sörlastaðir
APRÍL	Dags	Staður
Keppnisnámskeið	7	Sörlastaðir
Æskulýðsmót	17	Sörlastaðir
MAÍ	Dags	Staður
Dagsferð með alla krakka	29	Skemmtigarðurinn
JÚNÍ	Dags	Staður
Uppskeruhátíð	?	Sörlastaðir

Kynningarfundur Æskulýðsnefndar 26.10.09

Á kynningarfundinum var vetrardagskráin kynnt og skráning á reiðnámskeið fyrir börn og unglinga hófst. Þar komu reiðkennararnir okkar Oddrún, Friðdóra og Sindri og fóru yfir með hvaða hætti reiðkennsla vetrarins yrði. Góð mæting var á fundinn, og stóð einn nefndarmeðlimur fyrir happdrætti sem féll í góðan jarðveg hjá ungu kynslóðinni.

Reiðnámskeið

Reiðnámskeiðin sem voru í boði í vetur:

Almennt 6 tíma námskeið fyrir börn fædd 1999 og yngri, kennari var Oddrún Ýr Sigurðardóttir.

Knapamerkjanámskeið fyrir börn fædd 1997 og eldri 1,2,3 4 og 5 stig, kennarar voru Oddrún Ýr Sigurðardóttir, Friðdóra Friðriksdóttir og Sindri Sigurðsson.

Keppninsnámskeiðið var haldið í apríl og þar voru krakkar á öllum stigum keppni, alveg frá algjörum byrjendum til krakka með mikla keppnisreynslu.

Í vetur stunduðu u.þ.b. 56 börn og unglingar nám í reiðmennsku og höfðu bæði mikið gagn og gaman af, á þessum námskeiðum taka mörg börn sín fyrstu skref í hestamenskunni og því er mikilvægt að vandað sé til.

Jólaball 27.12.2009.

Á Jólaballinu var tekinn upp gamall siður að félagsmenn kæmu með veitingar á ballið og heppnaðist það vonum framar.

Hólmfíður í skógræktinni gaf tré að venju og Fjarðarkaup mandarínur, Góa sá fyrir helming af nammipokunum. Þannig var komin ágætis uppskrift af jólaballi við þetta var bætt einu stykki hljómborðsleikara og fyrirtaks jólasveini. Hljómborðsleikarinn söng með fólkinu og stýrði því í kringum tréið, svo kom Jóli og skemmti öllum konunglega, Allir fóru sáttir heim með nammipoka og fulla maga af góðgæti

Flugeldasala fór af stað 27.12.2009

Flugeldasala er stærsta fjáröflun sem æskulýðsnefnd Sörli stendur fyrir árlega í samvinnu við Björgunarsveit Hafnarfjarðar.

Börnin og unglingarnir í félaginu ásamt nefndarfólki selur úttekarmiða á flugelda af einstöku kappi frá 27. des. fram á gamlársgang, gengið er á milli hesthúsa í hverfinu og svo er að sjálfsögðu herjað á vini og vandamenn út fyrir félagið. Þetta gekk því miður mjög dræmlega en þó safnaðist eitthvað

Skautuferð 16.01.2010

Árvisst er orðið hjá okkur að fara á skauta og er þessi ferð mjög vinsæl og skemmtileg þar sem bæði börn og fullorðnir skemmta sér saman á öðrum vetfangi en í hestamennskunni og er góð leið til að hrista hópinn saman í upphafi vetrar.

Bingó 11.02.2010

Bingó eru alltaf mjög vinsæl og skemmtileg, vinningasöfnun er metnaðarfull og margir glæsilegir vinningar í boði frá öllum helstu hestavöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu, einnig voru í vinning klipping, bíómiðar, og dvd diskar, og kunnum við öllum þeim sem studdu okkur í þessu bestu þakkir. Í lokin er svo boðið upp á sívinsæla pizzu og allir fóru heim glaðir og saddir.

Smalakeppni 28.02.2010

Smalakeppnin í ár var frábær þar fengu krakkarnir að spreyta sig í tímaþraut sem Baldur, Gísli og Kristján settu saman og fengu tímatökubúnað lánaðan frá mótanefdinni. Og þegar krakkarnir voru búnir fékk fullorðna fólkið að prufa. Allir skemmtu sér frábærlega!

Æskan og hesturinn 13-14.03.2010

Ávallt er mikill undirbúningur fyrir stórsýninguna Æskan og hesturinn og hefst hann strax í upphafi árs. Æskulýðsnefnd Sörla átti tvo fulltrúa þau Ingibjörgu Marteinsdóttur og Atla Örvar í sameiginlegri undirbúningsnefnd allra hestamanna félaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Í ár tóku þær stöllur Saga Mellbin og Ásta Björnsdóttir (ungmenni úr Sörla) að sér alla skipulagningu, uppsetningu og þjálfun bæði á félagsatriðinu okkar og svo þjálfun á 10-12 ára atriðinu. Þetta tókst ágætlega.

Okkur finnst Sörla krakkarnir að sjálfsögðu alltaf langflottastir og það er alltaf gaman að fylgjast með hvað þau blómstra fyrir framan fullan sal af áhorfendum.

Það er ávallt vaskur hópur foreldra sem fylgir börnunum þessa helgi þeir skipta sér keyrslu á milli staða og aðstoða við allt utanumhald og er þeim þakkað sérstaklega. Þessari stóru helgi lauk svo með alsherjar pizzupartýi að Sörlastöðum þar sem hópurinn skemmti sér yfir atburðum helgarinnar.

Keppnisnámskeið og Æskulýðsmót 07-17.04.2010

Í apríl var haldið mjög vel heppnað einstaklingsmiðað keppnisnámskeið þar sem 12 pláss voru í boði. Á þetta námskeið komu krakkar sem aldrei höfðu stigið fæti á keppnisvöllinn alveg upp í mjög vana krakka. Í lok námskeiðsins var haldið gæðingamót og voru dómara úr Sörla fengnir til að dæma mótið, sem að sjálfsögðu var gert í sjálfböðavinnu og til að allt kæmist vel til skila voru ritarar fengnir til að skrifa niður ábendingar til keppendanna frá dómurunum. Einnig var mótið tekið upp á myndband og útbúnir voru diskar fyrir hvern og einn þátttakanda til eignar. Þetta heppnaðist frábærlega og eftir mótið var farið yfir frammistöðu hvers keppanda fyrir sig þar sem þeim gafst kostur á að skilja betur dómana sína. Þetta vakti mikla ánægju meðal félagsmanna og mikll vilji fyrir hendi að hafa þetta sem fastan lið í æskulýðsstarfinu.

Vorferð 31.05.2010

31. maí bauð Æskulýðsnefndin öllum krökkum og unglingum í Sörla í Skemmtigarðinn í Grafarvogi þar var farið í laser Tag og skemmtu krakkar sér konuglega. Á eftir borðuðu allri pylsur og spjölluðu. Það fór enginn með fýlusvip úr þessari ferð !!

Uppskeruhátíð 15.06.2010

Á Uppskeruhátíðinni komu saman um 50 börn og foreldrar þeirra og áttu stórskemmtilega stund saman, gestir gæddu sér á grilluðum hamborgurum en aðal tilgangur kvöldsins var að útskrifa hörku duglega knapa sem stunduðu nám á knapamerkjánámskeiðum og almennu reiðnámskeiði í vetur.

Hjá okkur stunduðu 56 knapar nám á mismunandi stigum reiðmennskunnar undir dyggri leiðsögn reiðkennaranna, Friðdóru Friðriksdóttur, Oddrúnar Ýr Sigurðardóttur og Sindra Sigurðssonar.

Fyrir þátttöku á reiðnámskeiði yngri barna 6-12 ára voru afhent viðurkenningarskjöl, í þessum hópi eru duglegir og áhugasamir knapar sem eiga framtíðina fyrir sér í hestamennsku.

Útskrifaðir úr knapamerkjánámskeiðum 1-5 voru 39 knapar og fengu þau viðurkenningarskjöl frá Hólaskóla og barmmerki með tákni knapamerkisins, auk þess sem öll börn sem mætt voru fengu afhent ný rosalega flott Sörla buff sem Æskulýðsnefndin verður með í sölu í framhaldinu.

Á hverju stigi knapamerkjánámskeiðs voru veittar tvær auka viðurkenningar sem Æskulýðsnefndin ásamt reiðkennurum setur fram sem auka hvatningu til þessara frábæru Sörla krakka, þessar viðurkenningar eru fyrir bestan samanlagðan árangur bóklegan og verklegan og svo fyrir mestar framfarir sem er val reiðkennara.

Þessar viðurkenningar hlutu:

1.stig

Marín Rún Einarsdóttir, bestur samanlagður árangur

Fanney Lilja Harðardóttir, mestar framfarir

2.stig

Bergþóra Þorvaldsdóttir, bestur samanlagður árangur

Íris Sigurjónsdóttir, mestar framfarir

3.stig

Thelma Dögg Harðardóttir, bestur samanlagður árangur

Sölvi Mar Valdimarsson, mestar framfarir

4.stig

Brynja Kristinsdóttir, bestur samanlagður árangur

Anton Haraldsson, mestar framfarir

5.stig

Hanna Alexandra Helgadóttir, mestar framfarir

Ekki var veitt viðurkenning fyrir bestan samanlagðan árangur þar sem sú viðurkenning er 15.000 kr. inneign inn á næsta stig og 5.stigið er lokastig knapamerkjanna.

Æskulýðsnefndin þakkar reiðkennurum frábær störf, sem og foreldrum og Magnúsi staðarhaldara sem er okkur alltaf innanhandar fyrir alla þá hjálp og samveru sem þið hafið veitt í vetur, margar hendur vinna létt og skemmtilegt verk.

Að endingu

Í ljósi aðstæðna með þessa blessuðu hestapestar, tókst okkur nokkuð vel með þennan vetur, mestu má þó þakka hversu snemma við byrjuðum í ár, þ.e að klára Bóklega knapamerkið fyrir áramót og svo að byrja verklegu námskeiðin með krafti, 2x í viku frá 11.jan og kláruðum þar af leiðandi öll knapamerkja námskeiðin nema 5 stigið fyrir mars. Og að útskrifa 5 krakka úr knapamerki 5 er flottasti árangur sem náðst hefur síðan þeim var breytt ;)